

ráðsins hjer með veita tjeðum búfrœðingi aðrar 200 kr. fyrir yfirstandandi ár af fje því, er getur um í 10 gr. C. 5. fjárlaganna. **63**  
25. apríl.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og hefi jeg í dag sjálfur tilkynnt sýslumanninum í Húnavatnssýslu þennan úrskurð minn.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk handa barnaskólum* — Eptir að hafa meðtekið álit stiptsyfirvaldanna frá 21. f. m. um bónarbrjef er hingað höfðu komið um styrk af 1300 kr. þeim, er með 13. gr. C 6 fjárlaganna eru veittar barnaskólum fyrir árið 1879, hefi jeg af þessu fje veitt eptirnefndar upphæðir:

- 1, barnaskólanum í Flensborg í Álptaneshr. . 300 kr.
- 2, ——— - Vatnsleysustrandarhr. . 200 —
- 3, ——— á Eyrarbakka . . . . 200 —

Þetta er hjer með tjáð yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, er jeg bið afhentar hjálagðar jarðabókarsjóðsávisanir á ofanefndar upphæðir.

— *Brjef landshöfðingja til Halldórs yfir kennara Friðrikssonar um viðgjörðina við dómkirkjuna*. — Í þóknanlegu brjefi frá 26. þ. m. hafið þjer, herra yfir kennari, samkvæmt ályktun á fundi, er þjer sem alþingismaður Reykvíkinga höfðuð kallað saman, skorað á mig, að jeg vildi leggja fyrir Jakob trjesmið Sveinsson, er stendur fyrir aðgjörð á dómkirkjunni, «að taka þann mann sjer til aðstoðar og umráða við steinsmiðina, sem «ætla mætti að fullt skynbragð bæri á húsagjörð úr steini, og hefði áður að þeim starfað.

eða að öðrum kosti:

að jeg ljeti «hætta við kirkjusmið þessa, unz alþingi í sumar gæti sagt, hvort að aðgjörð «sú, sem nú virðist fyrirhuguð á kirkjunni, sje samkvæm því, sem það hafi ætlað til, «að yrði gjörð á henni, án þess þó að Reykjavíkurbúum standi nokkur kostnaður «af því».

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar það, er hjer segir:

Samningur sá, er samkvæmt brjefi ráðgjafans frá 15. ágúst f. á. (stjórnartíð. B. 128) var gjörður við Jakob trjesmið Sveinsson, eptir að öllum smiðum hjer í bænum hafði verið boðið verk þetta, en hann einn tjáði sig fúsan til að taka smiðið að sjer, hefir nákvæmlega til tekið, hvernig verkið skuli leyst af hendi og áskilið að kirkjan, þegar verkið sje fullbúið, skuli afhent með löglegri úttekt, og að hið umsamda verkkaup fyrst þá verði fullborgað, er búið sje á áminnztan hátt að gjöra út um það, hvort verkið sje viðunanlega af hendi leyst samkvæmt samningnum. Það er því auðvitað, að landshöfðingja vantar heimild til að skipa yfirsmiðnum, hverja menn hann skuli hafa sjer til aðstoðar við smiðið, en úttektarmennirnir verða á sínum tíma að deema um það, hvort verkið sje traustlega og óaðfinnanlega af hendi leyst, og mun það varða yfirsmiðnum ábyrgð, ef þá koma fram gallar á smiðinni, annað hvort af því að verkamenn þeir, er hann hefir haft sjer til aðstoðar, ekki hafa borið skynbragð á vinnu sína, eða af öðrum ástæðum. Á hinn bóginn mun yður kunnugt, að Jakob trjesmiður Sveinsson hafi með miklum kostnaði gjört tilraun til að ráða sjer til aðstoðar útlendan steinsmið, og hefir hann, þegar þessi tilraun misheppnaðist, tjáð mjer, að hann hafi gjört ráðstöfun til að fá svo fljótt sem unnt er annan steinsmið frá útlöndum.